

Ár 2010, mánudaginn 26. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.

I.

Fullskipað kjararáð kvað hinn 23. febrúar 2010 upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Með fyrrnefndum lögum var hlutafélagalögum nr. 2/1995 breytt þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra (dótturfélög). Í 1. gr. laganna segir að í vafatilvikum úrskurði fjármálaráðuneyti um hvort kjararáð eigi úrskurðarvald. Kjararáð óskaði eftir lista yfir dótturfélög með tölvupósti 6. október 2009 og ítrekaði óskina með bréfi dagsettu 17. nóvember 2009. Listi yfir dótturfélög barst kjararáði með tölvubrési 26. janúar 2010. Á listanum var Orkusalan ehf., dótturfélag RARIK ohf., og heyrir því undir kjararáð að ákveða laun framkvæmdastjóra félagsins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í áðurnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði stjórn Orkusölnunnar ehf. bréf dagsett 1. febrúar 2010 og framkvæmdastjóra Orkusölnunnar 4. febrúar 2010 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör framkvæmdastjórans, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturs-hlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 4. mars 2010 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Framkvæmdastjórinn svaraði með bréfi dagsettu 11. febrúar 2010. Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur, samkomulag um frestun launahækkunar og samþykktir Orkusölnunnar ehf. Í bréfinu sagði að Orkusalan ehf. hefði verið stofnuð 10. mars 2006 en tekið formlega til starfa í ársbyrjun árið 2007. Orkusalan ehf. sé dótturfyrirtæki RARIK ohf. en með breytingu á raforkulögum sem tóku gildi í janúar 2005 hefði sala á raforku verið gefin frjáls. Samkeppni hefði verið innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur frá virkjun til neytenda sé eftir sem áður háður sérleyfi. Tilgangur Orkusölnunnar ehf. sé framleiðsla, innkaup og sala raforku til heimila, fyrirtækja og stofnana um allt land. Orkusalan ehf. eigi og reki fimm virkjanir, viðskiptavinir séu um 30 þúsund um allt land og sé áætluð markaðshlutdeild Orkusölnunnar ehf. um þriðjungur af almennum raforkumarkaði. Áætluð velta árið 2010 sé um 3,7 milljarðar króna og niðurstöðutala efnahagsreiknings sé um 8,2 milljarðar króna. Samkvæmt bréfinu sér framkvæmdastjóri um daglegan rekstur, reikningshald og ráðningu starfsfólks og fleira. Til þess að draga úr yfirbyggingu og kostnaði sinni framkvæmdastjórinn einnig öðrum störfum sem séu sérstaklega mönnum hjá samkeppnisaðilum. Þá hafi stjórn Orkusölnunnar ehf. ákveðið að kaupa ýmsa þjónustu frá öðrum og sé stjórnun þeirra verkefna einnig í höndum framkvæmdastjóra. Verði rekstrartruflanir í virkjunum hafi framkvæmda-

stjóri ríkar skyldur og megi halda fram að framkvæmdastjórinn sé á sífelldri bakvakt. Hann sé einnig ábyrgur fyrir öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins og skilum á um eins milljarðs króna vörslugjöldum í ríkissjóð. Laun hans hafi verið óbreytt frá 1. júlí 2008 þrátt fyrir ákvæði í ráðningarsamningi. Vinna umfram dagvinnu sé að jafnaði 50-75 klukkustundir á mánuði. Starfið sé umfangsmikið, krefjandi og tímafrekt og hafi hann helgað sig starfinu og ekki tekið að sér óskyld verkefni eða önnur launuð störf. Uppsagnarfrestur sé sex mánuðir og samkvæmt ráðningarsamningi sé honum óheimilt að taka þátt í rekstri eða verkefnum sem með einhverjum hætti geti talist í samkeppni við Orkusöluna ehf. í eitt ár eftir starfslok hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið starfi á samkeppnismarkaði, það sé vel rekið og aðhalds og hófsemi sé gætt á öllum sviðum. Hann beindi þeim tilmælum til kjararáðs að laun yrðu samkeppnishæf og metin út frá árangri í starfi, tekið yrði mið af stuttum uppsagnarfresti og íþyngjandi ákvæðum í ráðningarsamningi um möguleika á öðrum verkefnum eftir starfslok hjá Orkusölnni ehf.

Stjórnarformaður Orkusölnnar ehf. svaraði með bréfi dagsettu 12. febrúar 2010. Í bréfinu var fyrirtækinu og starfsemi þess lýst. Framkvæmdastjóri væri auk framkvæmdastjórastarfsins einnig með verkefni sem í mörgum öðrum fyrirtækjum væru á annarra herðum, svo sem fjármál og öryggismál. Hann lýsti ákvæðum ráðningarsamnings við framkvæmdastjóra Orkusölnnar ehf. og væri afstaða hans sem stjórnarformanns Orkusölnnar ehf. að framkvæmdastjórinn væri síst ofhaldinn í launum miðað við umfang og eðli starfsins. Hann stýrði fyrirtæki sem reki víðtæka starfsemi um allt land, hafi mikinn fjölda viðskiptavina og starfi í samkeppni. Ástæða væri til þess að benda á að framkvæmdastjórinn hefði náð meiri og betri árangri í rekstri Orkusölnnar en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í ráðningarsamningi kemur meðal annars fram að vinnutíma framkvæmdastjórans séu ekki takmörk sett, vinnuálag sé sveiflukennt og ráðist af aðstæðum á raforkumarkaði hverju sinni. Umsamin mánaðarlaun fela í sér greiðslu fyrir alla vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma og greiðist því ekki sérstaklega fyrir hana. Ferðakostnaður sé greiddur samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar. Greidd er föst upphæð fyrir afnot bifreiðar sem hann leggi til vegna starfa sinna. Greitt er í Lífeyrissjóð verkfræðinga 11,5% af launum auk 2% í séreignasjóð. Framkvæmdastjóri skuldbindur sig til þess að stunda ekki neina þá starfsemi sem getur skaðað samkeppnisstöðu Orkusölnnar ehf. á gildistíma samnings og í eitt ár eftir að starfi hans hjá fyrirtækinu lýkur.

Fjármálaráðuneyti svaraði með bréfi dagsettu 11. mars 2010. Í bréfinu sagði að eðlilegt væri að kjararáð horfði til þeirrar launastefnu sem fram kæmi í leiðarljósum ríkisstjórnarinnar í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009 – 2013. Þar segir meðal annars að lækka skuli laun æðstu yfirmanna hjá ríkinu þannig að þau verði ekki hærri en laun forsætisráðherra.

Kjararáð gaf framkvæmdastjóranum kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun með bréfi dagsettu 17. mars 2010 og barst bréf, dagsett 25. mars 2010, frá honum. Í því gerði hann meðal annars athugasemd við að tekið væri mið af launum opinbers starfsmanns sem nyti verndar samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auk þess nytu opinberir starfsmenn þess hagræðis sem fylgdi því að vera með fjárveitingar á fjárlögum. Lagaleg ábyrgð framkvæmdastjóra einkahlutafélaga, þ.m.t. skaðabótaábyrgð, væri í reynd víðtækari en gilti um forstöðumenn ríkisstofnana. Eðlilegra væri að miða grunnlaun framkvæmdastjóra Orkusölnnar við laun framkvæmdastjóra helstu samkeppnisaðila hennar, svo sem Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku hf. Fallist kjararáð ekki á það væri eðlilegt að grunnlaun framkvæmdastjóra Orkusölnnar tækju mið af launum framkvæmdastjóra annarra fyrirtækja á almennum raforkumarkaði, þ.e. forstjóra RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða ohf. Orkusalan væri mun umfangsmeira fyrirtæki en Orkubú Vestfjarða, ársvelta væri tvöföld, eignir meiri, raforkuframleiðsla þrisvar sinnum meiri og markaðshlutdeild sexföld. Væri því

eðlilegt og sanngjarnt að mánaðarlaun yrðu ákveðin a.m.k. í launaflokki 137. Framkvæmdastjórinn gerði einnig athugasemd við hvenær ráðgert væri að fyrirhuguð ákvörðun tæki gildi, en kjararáði bæri væntanlega að taka tillit til uppsagnarfrests í ráðningarsamningi.

III.

Orkusalan ehf. var stofnuð árið 2006 á grundvelli raforkulaga nr. 63/2003. Samkvæmt þeim skyldi meðal annars skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Með lögnum var skilið á milli náttúrulegra einkasöluþátta raforkukerfisins (flutnings og dreifingu) og þeirra þátta þar sem samkeppni yrði við komið (vinnslu og sölu). Flutningur og dreifing er sem fyrr háð einkaleyfi en samkeppni hefur verið innleidd í raforkuvinnslu og sölu. Frá 1. janúar 2006 gátu allir valið sér þann raforkusala sem þeir vildu og var Orkusalan ehf. stofnuð það ár eins og fram hefur komið og tók til starfa í ársbyrjun 2007. Fyrirtækið selur rafmagn um allt land, starfsstöðvar eru í Reykjavík, á Akureyri og Selfossi. Orkusalan ehf. á og rekur fimm virkjanir: Rjúkandavirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Smyrlabjargarárvirkjun og er uppsett afl um 36 MW. Starfsmenn eru um 15. Orkusalan er dótturfélag RARIK ohf.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum forstjóra RARIK ohf. og orkumálastjóra, en þeir eru í launaflokkum 138 og 134. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjöldi gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjöldi allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félagi í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér segir vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 705.192 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs eins og þær eru á hverjum tíma og eins og við á.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra Orkusölnunnar ehf.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson